

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1164/2021 um loðnuveiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu 2021/2022.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Norskum skipum er heimilt að veiða samtals 145.383 tonn í fiskveiðilandhelgi Íslands og er þeim aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands norðan við 64°30'N.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. desember 2021.

Svandís Svavarsdóttir
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.